

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 131/2009 fyrir Listahátíð í Reykjavík.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. orðist svo:

Stjórn Listahátíðar skal skipuð þremur stjórnarmönnum. Skal einn tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra, einn tilnefndur af borgarstjóranum í Reykjavík og einn kosinn á aðalfundi fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík. Stjórnarmenn eru skipaðir til tveggja ára í senn. Fulltrúar mennta- og menningarmálaráðherra og borgarstjóra gegna formennsku og varaformennsku í stjórn til skiptis, tvö ár í senn. Æskilegt er að stjórn sé skipuð einstaklingum af báðum kynjum.

6. gr. orðist svo:

Listrænn stjórnandi er yfirmaður Listahátíðar í fullu starfi. Hann er ráðinn af stjórn til allt að fjögurra ára í senn. Starf listræns stjórnanda skal auglýst í fjölmiðlum er það er laust til umsóknar. Í ráðningarsamningi stjórnandans skal kveðið nánar á um starfskjör og starfstíma.

Listrænn stjórnandi mótar dagskrá hverrar hátíðar og er ábyrgur fyrir framkvæmd hennar gagnvart stjórn. Stjórnandinn skal leggja fjárhagsáætlun hverrar hátíðar fyrir stjórn til samþykktar og er hann ábyrgur fyrir framkvæmd hennar gagnvart stjórninni.

Listrænn stjórnandi ræður starfsfólk til stofnunarinnar að fengnu samþykki stjórnar. Þetta á ekki við um framkvæmdastjóra sem er ráðinn af stjórn sbr. 5. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Listahátíð í Reykjavík staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 23. október 2013,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gísladóttir.